STARFSLEYFI

fyrir skólahúsnæði
Múltikúlti-íslenska ehf.

kt. 4407110300
Hlíðasmári 15, Kópavogur

Heilbrigðisnefnd veitir leyfi samkvæmt 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 9. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024.

Leyfið gildir frá 1.7.2026 til 30.6.2038

Leyfið er útgefið með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs skólahúsnæðis, sbr. ákvæði VI. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 Fasteignanúmer húsnæðis: 2237068.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla í reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024, um skyldur rekstraraðila
- III. kafla reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um að draga skuli úr myndun úrgangs, meðhöndlun og geymslu hans og þrifnað lóða.

Innra eftirlit

Starfrækja skal innra eftirlit samkvæmt ákvæðum 16. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024, sem að lágmarki tekur til hreinlætisáætlunar, þjálfunar starfsfólks, neyðaráætlunar, skráninga óhappa og framkvæmda á úrbótum ásamt skráningu á viðhaldi tækja og búnaðar.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum II. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi, sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfi ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd eða skaðleg áhrif sem ekki voru ljós fyrir. Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Kópavogur, 6. ágúst 2026

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness